Uppeldi til ábyrgðar í Engjaskóla

Í Engjaskóla er unnið eftir hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar. Markmiðið er að styðja nemendur í að þróa sjálfsaga, ábyrgð og jákvæð samskipti. Með því að læra af mistökum og taka ábyrgð á eigin vali öðlast nemendur innri styrk og færni sem nýtist þeim bæði í skóla og lífinu.

Stefnan byggir á þeirri hugmynd að börn læri best þegar þau eru hvött til að taka ábyrgð á eigin hegðun og læra af mistökum í öruggu og virðingarríku umhverfi. Áhersla er lögð á lausnir, samvinnu og uppbyggileg samskipti fremur en refsingar og umbunarkerfi.



Hvernig vinnum við?

- Við hjálpum nemendum að skilja áhrif gjörða sinna.
- Við hvetjum nemendur til að finna leiðir til að bæta úr þegar mistök verða.
- Við byggjum á sameiginlegum lífsgildum eins og virðingu, ábyrgð, samvinnu og umhyggju.
- Við leggjum áherslu á að styrkja sjálfstæði, sjálfstraust og félagsfærni.

Félagssáttmáli

Nemendur og starfsfólk skapa saman jákvæðan félagssáttmála sem lýsir því hvernig við viljum koma fram hvert við annað. Sáttmálinn er leiðarljós í samskiptum og skólastarfi.

Samstarf heimilis og skóla

Gott samstarf heimilis og skóla er lykill að árangri. Með sameiginlegri áherslu á virðingu, ábyrgð og lausnaleit styðjum við börn í að verða sjálfstæðir, jákvæðir og ábyrgir einstaklingar.